



Íþróttamiðstöðin Borg



Vetraropnun: 21. ágúst — 25. maí

Mánudaga - Fimmtudaga

kl. 14 - 22

Föstudaga

Lokað

Laugardaga – Sunnudaga

kl. 10 - 18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is

Netfang: sundlaug@gogg.is

Sími 480 5530

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.

Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.

Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:

linda@gogg.is eða gogg@gogg.is



HVATARBLAÐIÐ

Október 2017

**Ungmennni 13-20 ára
ATH !**

Þið eruð boðuð á UNGMENNAPING
4. nóvember kl. 10-16 í Félagsheimilinu Borg

Ungmennaráð boðar öll ungmenni á aldrinum 13-20 ára, sem búa í Grímsnes- og Grafningshreppi, sveitarstjórnarfolk og þá sem sitja í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins, á ungmennaping.

Einstakt tækifæri fyrir ungt fólk til að koma á framfæri skoðunum sínum er varða málefni sveitarfélagsins. Nánari upplýsingar og skráning á ungmennarad@gogg.is og í síma 824-4486

Þín rödd skiptir máli



Ungmennapingið er styrkt af Evrópu unga fólksins og sveitarfélaginu.



FUNDARGERÐ.

416. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnarsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 6. september 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

Oddviti leitar afbrigða

a) Hjúkrunarrými á Suðurlandi.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 16. ágúst 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 16. ágúst 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 138. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 15. ágúst 2017.

Mál nr. 14, 15, 28 og 29 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.



Opið;
mánud. - laugard.
09:00 til 20:00
sunnudaga
10:00 -20:00

Tilboð mánaðarins er:

Fanta Lemon 1/2L 2 fyrir 1
Fanta Fruit twist 1/2L 2 fyrir 1
Coke Zero 1/2L 2 fyrir 1

**Nýjar kartöflur á 400 kr. pr.kg bæði
gullauga og rauðar**

Fyrir bílinn

*Seljum rúðupurrkur, perur í
bílljós, vélaolíu, frostlög,
tvígangisolíu og rúðuvökva.*

VIÐ ERUM MEÐ LOTTÓKASSA



**viking
lotto**

**EURO
JACKPOT**

**1X2
ENSKI BOLTINN**

**1X2
EVROPUBOLTINN**

Lengjan

Verið velkomin heitt á könnunni
S: 486-4408



Minum á að sækja þarf um
Tómstundastyrk
Grímsnes- og Grafningshrepps
fyrir áramót vegna haustannar,
styrkurinn færir **EKKI** á milli ára.

Tek að mér trjáskurlun á greinum og stofnum allt að
20 cm sverum. Einnig má setja smærri greinarnar
með afleggjurum og laufi.

Jóhannes
S. 848-1123



Heilsugæslan Laugarási

Tímamantanir í síma 432-2770

Lyfjaendurnýjun í síma 432-2020
alla virka daga milli kl. 8:00 og 9:00



HEILBRIGÐISSTOFNUN
SUÐURLANDS

Lögð fram 138. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags.
15. ágúst 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu
sveitarstjórnar;

**Mál nr. 14: 1708025 - Kóningsvegur 21 lnr 169352, Kóningsvegur
21A lnr 220186 og Farbraut 5 lnr 169393: Deiliskipulags-
breyting.**

Fyrir liggur umsókn Sverris Sverrissonar, dags. 21. júlí 2017
um breytingu á deiliskipulagi Norðurkots sem nær til lóðanna
Kóningsvegur 21A og Farbraut 5. Sveitarstjórn samþykkir sam-
hljóða skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með
fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar fyrir lóðarhöfum
Kóningsvegur 21.

**Mál nr. 15: 1708015 - Kerengi 23 lnr. 169134: Miðengi:
Lögbýli: Fyrirspurn.**

Lögð fram fyrirspurn eigenda lóðarinnar Kerengi 23 þar sem
óskað er eftir að lóðinni verði breytt í lögbýli. Lóðin er 11.386
m² að stærð og á henni er 81,6 m² sumarhús. Ekki er hægt að
breyta lóðinni í lögbýli nema að aðal- og deiliskipulagi
svæðisins verði breytt. Sveitarstjórn hafnar því að lóðinni verði
breytt í lögbýli.

Mál nr. 28: 1706005F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-58.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa
frá 5. júlí 2017.

Mál nr. 29: 1707002F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-59.
Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa
frá 19. júlí 2017.

b) Fundargerð 139. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita,
31. ágúst 2017.

**Mál nr. 15, 16, 18 og 19 þarfnast staðfestingar
sveitarstjórnar.**

Lögð fram 139. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita,
dags. 31. ágúst 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast
afgreiðslu sveitarstjórnar;

**Mál nr. 15: 1708072 - Skáli lnr. 213131: Skáli 2: Stofnun
lóðar: Fyrirspurn.**

Lögð fram fyrirspurn Eflu verkfræðistofu, dags. 25. ágúst 2017, f.h. landeigenda Skála lnr. 213131, um breytingu á deiliskipulagi landsins. Í breytingunni felst að landinu verði skipt í tvær um 5 ha spildur. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins þar til fyrir liggur samþykki eigenda aðliggjandi lands vegna tengingar inn á landið og einnig samþykki allra landeigenda spildunnar sem verið er að skipta.

Mál nr. 16: 1708079 - Árvegur 4 lnr 199082, 8 lnr 199084 og 10 lnr 210319: Kringla II: Sameining lóða, stofnun lögbýlis: Deiliskipulagsbreyting.

Fyrir liggur umsókn eigenda Árvegs 4, 8 og 10 úr landi Kringlu II, dags. 19. ágúst 2017 þar sem óskað er eftir að lóðirnar þrjár verði sameinaðar í eitt, rúmlega 14.5 ha lögbýli sem fengi heitið Sólakur. Ekki er hægt að breyta lóðum í lögbýli nema að aðal- og deiliskipulagi svæðisins verði breytt. Sveitarstjórn hafnar því að lóðirnar verði sameinaðar og breytt í lögbýli.

Mál nr. 18: 1708001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-60.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 9. ágúst 2017.

Mál nr. 19: 1708003F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-61.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 23. ágúst 2017.

- c) **Fundargerð 26. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs., 22. júní 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- d) **Fundargerð 27. fundar stjórnar byggðarsamlagsins Bergrisans bs., 16. ágúst 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) **Fundargerð 4. fundar starfshóps vegna viðræðna um kosti og galla sameiningar sveitarfélaga í Árnessýslu, 23. ágúst 2017.**

Fundargerðin lögð fram til kynningar.



Hortensíur og kryddjurtir

Nýr opnunartími

Opið alla virka daga frá 10-16

Sími 669-0108.



Saumakompan Kringlu Grímsnesi

Fataviðgerðir, gardínusaumur

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515



**Tökum að okkur stór og smá verk:
tætingu, jarðvinnu, heyvinnu,
bílaflutninga & fólksflutninga allt að
14 farþega.**



Jóhannes og Guðmundur

Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115

Email: verktaki89@gmail.com

Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

Öll almenn lögfræðipjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar –
Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506

siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson hdl. S: 662-4422

sverrir@landlogmenn.is

Land
LÖGMENN

Austurvegi 6, 800 Selfossi

3. Ljósleiðari.

Farið hefur verið yfir tilboð sem bárust í verkið og samþykkir sveitarstjórn samhljóða að ganga til samninga við Milu um lagningu ljósleiðara á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs.

4. Beiðni um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur beiðni frá Hugrónu Sigurðardóttur um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir Patrik Örn, Atla Hrafn og Viktor Þór Lárussyni. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða námsvistina.

5. Umsókn um námsvist utan lögheimilissveitarfélags.

Fyrir liggur beiðni frá Sveitarfélaginu Árborg um námsvist utan lögheimilissveitarfélags fyrir Skafta Ragnarsson. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða námsvistina með fyrirvara um samkomulag við Kerhólsskóla um annan viðbótarkostnað.

6. Skipan aðal- og varamanna í fræðslunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps.

Fyrir liggur að aðalfulltrúar C-lista í fræðslunefnd, Guðný Tómasdóttir og Ása Valdís Árnadóttir vilja skipta á hlutverkum sínum í nefndinni. Samþykkt er að Ása Valdís Árnadóttir verði formaður fræðslunefndar og að Guðný Tómasdóttir verði aðalfulltrúi í fræðslunefnd út kjörtímabilið 2014-2018. Fyrir liggur að vara-fulltrúi K-lista í fræðslunefnd, Hólmfríður Árnadóttir er flutt úr sveitarfélaginu. Fulltrúar K-lista tilnefna Sigrúnu Jónu Jónsdóttur sem varafultrúa sinn í fræðslunefnd út kjörtímabilið 2014 – 2018.

7. Bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga vegna Ársþings SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands.

Fyrir liggur bréf frá Samtökum sunnlenskra sveitarfélaga, dagsett 23. ágúst 2017 þar sem greint er frá því hvar og hvenær Ársþing SASS, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands og Sorpstöðvar Suðurlands verður. Ársþingin verða á Selfossi, dagana 19. og 20. október n.k. Sveitarfélagið á tvo fulltrúa á þinginu en öllum sveitarstjórnarmönnum er heimilt að sækja þingið. Fulltrúar Grímsnes- og Grafningshrepps verða Hörður Óli Guðmundsson og Guðmundur Ármann Pétursson.

8. Tölvupóstur frá Vegagerðinni, Svani Bjarnasyni svæðisstjóra Suðurlands vegna tillögu að lengingu kafla á Biskupstungna-braut með leyfilegum hraða 70 km/klst.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Vegagerðinni, Svani Bjarnasyni svæðisstjóra Suðurlands, dags. 27. júlí 2017 þar sem óskað er umsagnar sveitarfélagsins á tillögu að lengingu kafla á Biskupstungna-braut með leyfilegum hraða 70 km/klst. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við tillöguna en sér ekki að lækkun umferðar-hraða sé lausn á umferðaröryggismálum. Á það sérstaklega við um umferðabyngstu gatnamótin svo sem Þingvallaveg, Grafningsveg og Kerið.

9. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki III í Þrastalundi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Fyrir liggur bréf frá Sýslumanninum á Suðurlandi, dagsett 4. september 2017 um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki III í Þrastalundi, Grímsnes- og Grafningshreppi. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

10. Tölvupóstur frá Félagi sauðfjárbænda í Árnessýslu vegna ályktunar um stöðu sauðfjárbænda í Árnessýslu.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Félagi Sauðfjárbænda í Árnessýslu, dags. 21. ágúst 2017 þar sem óskað er eftir að sveitarstjórn taki undir ályktun félagsins um stöðu sauðfjárbænda í Árnessýslu:

„Annað árið í röð er boðuð lækkun á afurðaverði til sauðfjárbænda og gæti hún numið allt að 35% í ár. Boðuð afurðaverðs-lækkun setur hag sauðfjárbænda í hættu, en ólíklegt er að nokkur atvinnugrein myndi þola slíka tekjuskerðingu.

Víða er sauðfjárræktin hryggjarstykkið í hinum dreifðu byggðum, og á það einnig við hér í Árnessýslu þar sem margir hafa sauðfjárrækt að sinni atvinnu. Gripa þarf til aðgerða strax til að leysa þann tímabundna birgðavanda sem upp er kominn.

Félag sauðfjárbænda í Árnessýslu leggur áherslu á að vandinn verði leystur til að tryggja búskap á landinu öllu“.

Sveitarstjórn tekur undir ályktun Félags sauðfjárbænda.

11. Bréf frá Þorvaldi Garðarssyni f.h. samlags um Hólaskarðsveg þar sem óskað er eftir formlegu yfirráði yfir Hólaskarðsvegi.

Fyrir liggur bréf frá Þorvaldi Garðarssyni f.h. samlags um Hólaskarðsveg, dagsett 1. september 2017 þar sem óskað er eftir að sveitarfélagið viðurkenni formlega yfirráð samlagsins á Hólaskarðsveginum. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

Stuðningsfulltrúi í 100% starf

Stuðningsfulltrúi starfar í nánú samstarfi við umsjónarkennara og sérkennara.

Menntunar og hæfniskröfur

- Reynsla af sérkennslu æskileg
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri.

Umsækjendur þurfa að sýna fram á hreint sakavottorð

Umsóknarfrestur er til 6. október 2017

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila berist til skólastjóra, jonabjorg@kerholsskoli.is eða aðstoðarskólastjóra iris@kerholsskoli.is

Nánari upplýsingar gefur Jóna Björg Jónsdóttir skólastjóri í síma 480-5520, 863-0463.



Kerhólsskóli óskar eftir leikskólakennara og stuðningsfulltrúa

Kerhólsskóli er sameinaður leik- og grunnskóli með rúmlega 70 nemendum á aldrinum 1 árs upp í 10. bekk þar af eru 33 börn í leikskóladeild. Skólinn er Grænfánaskóli og leggur áherslur á fagleg vinnubrögð, einstaklingsmiðað nám, umhverfismennt og útikennslu, list- og verkgreinar. Vakin er athygli á stefnu Grímsnes- og Grafningshrepps um jafnan hlut kynja í störfum hjá sveitarfélaginu.

Leikskólakennari í 100% starf

Leikskólakennari starfar eftir starfslýsingu leikskólakennara þ.m.t. tekur þátt í skipulagningu faglegs starfs og foreldrasamstarfi undir stjórn deildarstjóra.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Leikskólakennaramenntun
- Reynsla af leikskólakennslu æskileg
- Góð færni í samskiptum
- Frumkvæði í starfi og faglegur metnaður
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Faglegur metnaður og ábyrgð
- Góð íslenskukunnátta
- Vilji til að gera góðan skóla betri

Ef ekki fæst leikskólakennari í starfið verður ráðinn leiðbeinandi tímabundið.

12. Bréf frá Einari Baldvin Árnasyni hdl. f.h. Þorsteins Guðjónssonar og Bjargeyjar Aðalsteinsdóttur vegna álagningar fasteignaskatts fyrir árið 2017.

Fyrir liggur bréf frá Einari Baldvin Árnasyni hdl. f.h. Þorsteins Guðjónssonar og Bjargeyjar Aðalsteinsdóttur, dagsett 31. ágúst 2017 þar sem gerðar eru athugasemdir við álagningu fasteignaskatts á sumarhús þeirra. Sveitarstjórn felur lögmanni sveitarfélagsins, Óskari Sigurðssyni hrl. að gæta hagsmuna sveitarfélagsins.

13. Tölvupóstur Magneu Magnúsdóttur, umhverfis- og landgræðslustjóra Orku náttúrunnar vegna nýtingarleyfis jarðhita Nesjavallavirkjunar.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Magneu Magnúsdóttur umhverfis- og landgræðslustjóra Orku náttúrunnar, dags. 29. ágúst 2017 vegna nýtingarleyfis jarðhita Nesjavallavirkjunar. Lagt fram til kynningar.

14. Tölvupóstur frá Ólafi Melsted, skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar vegna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar.

Fyrir liggur tölvupóstur frá Ólafi Melsted, skipulagsfulltrúa Mosfellsbæjar, dags. 25. ágúst 2017 þar sem óskað er eftir umsögn sveitarfélagsins vegna breytinga á aðalskipulagi Mosfellsbæjar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi breytingar.

15. Önnur mál.

a) Hjúkrunarrými á Suðurlandi.

Sveitarstjórn beinir því til Heilbrigðisráðherra að fyrirhugað hjúkrunarheimili á Selfossi, sem nú er í undirbúningsferli, verði hannað miðað við að rúma 60 einstaklinga í hjúkrunarrýmum, en ekki 50 eins og kveðið er á um í samningi aðila. Núverandi áætlun um 50 rými gerir ráð fyrir að rýmum á Suðurlandi fjölgi um 15, þar sem 35 rými sem voru fyrir á Blesastöðum og Kumbaravogi gangi inn í hið nýja heimili. Fjöldunin er engan veginn næg til að mæta þörf fyrir hjúkrunarrými á svæðinu. Þá verður að horfa til þess að brýn þörf er fyrir rými til að nýta til hvíldarinnlagna í Arnessýslu. Íbúum fjölga mjög hratt í sýslunni og brýnt að horfa til framtíðar hvað fjölda rýma varðar og þeirrar hagkvæmni sem fælist í því að reka fleiri rými í einni og sömu einingunni.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 522. stjórnarfundar 25.08 2017.
- ✓ Bréf frá Jóni Gunnari Ottóssyni, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 24. ágúst 2017 um ritið „Mikilvæg fuglasvæði á Íslandi“ ásamt ritinu.
-Ritið liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 11:45



***Eins og undanfarin ár mun
Grímsnes- og Grafningshreppur veita
framhaldsskólanemum 16-20 ára,
þ.e. fyrir 8 fyrstu annirnar eftir grunnskóla,
styrk að upphæð kr. 30.000.-***

***Þeir aðilar sem vilja nýta sér þetta eru beðnir um að
senda vottorð um skólavist fyrir haustönn 2017 sem
allra fyrst til skrifstofu sveitarfélagsins.***

***Hægt er að senda staðfestingu á netfangið
gogg@gogg.is***



Kæru heldriborgarar!
***Sundlaugin er opin fyrir ykkur á
mánudags-, þriðjudags-, miðvikudags-
og fimmtudagsmorgnum
frá kl. 10:00—12:00.***

Frítt inn og kaffi á könnunni !



Fatamarkaður í Kerhólsskóla



Þann 11. september síðastliðinn var settur upp fatamarkaður í Kerhólsskóla, bæði í leik- og grunnskóladeild.

Hugmyndin að fatamarkaðnum kviknaði í vor á fundi hjá umhverfisnefnd skólans þegar verið var að ákveða þema fyrir Grænfánaverkefnið. Þemað sem varð fyrir valinu var neysla og úrgangur.

Tveim dögum fyrir auglýstan markaðsdag komu nemendur og leikskólabörn með föt, skó og yfirhafnir sem voru óslitin en ekki lengur í notkun. Nemendur í 8. bekk gengu frá og hengdu upp fötin. Það þurfti ekki að borga fyrir föt og gátu nemendur og leikskólabörn valið sér föt með foreldrum sínum.

Þegar að markaðnum lauk var fötum sem eftir voru komið til Rauða krossins á Selfossi sem hafði auglýst eftir fötum handa fjölskyldu frá Sýrlandi.

Markaðurinn tókst vel og var gaman að sjá hugmyndina verða að veruleika. Umhverfisnefnd Kerhólsskóla þakkar öllum sem komu með föt og tóku þátt í markaðnum.



FUNDARGERÐ.

417. fundur sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í stjórnsýsluhúsinu Borg, miðvikudaginn 20. september 2017 kl. 9.00 f.h.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson

Ingibjörg Harðardóttir

Hörður Óli Guðmundsson

Sigrún Jóna Jónsdóttir

Guðmundur Ármann Pétursson

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Ingibjörg Harðardóttir.

1. Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. september 2017.

Fundargerð sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps frá 6. september 2017 liggur frammi á fundinum.

2. Fundargerðir.

a) Fundargerð 63. fundar fræðslunefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 4. september 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

b) Fundargerð 40. fundar atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. september 2017.

Mál nr. 1 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 40. fundargerð atvinnumálanefndar Grímsnes- og Grafningshrepps, 5. september 2017. Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: Þjónustudagatal 2018.

Atvinnumálanefnd óskar eftir vilyrði sveitarstjórnar fyrir að gefa út þjónustudagatal Grímsnes- og Grafningshrepps 2018. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að þjónustudagatal fyrir árið 2018 verði gefið út.

c) **Fundargerð 140. fundar Skipulagsnefndar Uppsveita, 14. september 2017.**

Mál nr. 1, 2, 3, 4, 5, 6 og 16 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 140. fundargerð Skipulagsnefndar Uppsveita, dags. 14. september 2017. Eftirfarandi dagskrárliðir þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 1: 1708055 - Hraunbraut 10: Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús.

Fyrir liggur umsókn Guðmundar Finnbogasonar, dags. 21. ágúst um byggingarleyfi fyrir 237,2 m² íbúðarhúsi á lóðinni Hraunbraut 10 á Borg. Óskað er eftir leyfi til að fara út fyrir byggingarreit nyrst á lóðinni, þannig að húsið verði í um 5 m fjarlægð frá lóðarmörkum í stað 10 m. Að mati sveitarstjórnar er forsenda útgáfu byggingarleyfis að gerð verði breyting á deiliskipulagi svæðisins. Um óverulega breytingu er að ræða og samþykkir sveitarstjórn samhljóða breytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar.

Mál nr. 2: 1709019 - Hallkelshólar 1 lnr. 168247: Hallkelshólar 17, 35, 48, 73, 74, 95 og 115: Stofnun lóða.

Fyrir liggur umsókn um stofnun 7 lóða úr landi Hallkelshóla lnr. 168247. Um er að ræða lóðirnar 17, 35, 48, 73, 74, 95 og 115. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða stofnun lóðanna með fyrirvara um samþykki lóðarhafa aðliggjandi lands á hnitsetningu lóðarmarkna. Sveitarstjórn hvetur til að unnið verði heildstætt deiliskipulag af svæðinu.

Mál nr. 3: 1501013 - Ásabraut 1-40 og Lokastígur 1-10: Ásgarður: Deiliskipulagsbreyting.

Lögð fram að nýju að lokinni grenndarkynningu tillaga að breytingu á deiliskipulagi sem nær til lóða nr. 1-40 við Ásabraut og Lokastíg 1-10 úr landi Ásgarðs. Tillagan var grenndarkynnt með bréfi dags. 4. október 2016 og gefinn

Kæru sveitungar

Nú er enn og aftur komið að útgáfu viðburðardagatala Grímsnes- og Grafningshrepps.

Ef þú hefur áhuga á að auglýsa í dagatalinu eða tilkynna um viðburð sem á að halda árið 2018 vinsamlega sendið póst á asavaldis@gogg.is eða hringið í síma **859-9557**



Hjálparsveitin Tintron

Aðalfundur verður miðvikudaginn 25. október kl. 20:00 í húsi sveitarinnar.

- Skýrsla stjórnar
- Ársreikningur
- Önnur mál
- Kosning formanns og kosning stjórnar.

Nýir félagar velkomnir.

ÞÍN RÖDD SKIPTIR MÁLI

Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps var stofnað á haustdögum 2016. Í ráðinu sitja fimm fulltrúar og jafn margir til vara á aldrinum 13 – 18 ára. Ungmennaráðið er ráðgefandi um málefni er tengjast ungu fólki í sveitarfélaginu. Ráðið skal fylgjast með því að sveitarfélagið hafi hagsmuni ungs fólks að leiðarljósi og að þjónusta þess taki mið af þörfum þeirra.

Hlutverk ungmennaráðs er sem sagt að gæta hagsmuna ungs fólks og að koma skoðunum og tillögum frá ungu fólki í sveitarfélaginu til viðeigandi aðila. Ráðið á einnig að vera ráðgefandi um framtíðarsýn er varða málefni barna og ungs fólks í sveitarfélaginu.

Nú blæs ungmennaráðið til **UNGMENNAPINGS** og allir íbúar í sveitarfélaginu sem eru á aldrinum **13 – 20 ára** eru boðaðir á þingið. Þó að í ungmennaráði sitji fulltrúar aðeins til 18 ára aldurs þá var ákveðið að boða ungt fólk upp að 20 ára á ungmennapingið. Það er mikilvægt að fá sýn þeirra sem eru þínu eldri og reyndari á ýmis málefni sem snerta ungt fólk. Sveitarstjórn og þeir sem sitja í nefndum á vegum sveitarfélagsins eru einnig boðaðir til samræðna við unga fólkið.

Þingið er leið fyrir ungmennti, sem ekki eru í ungmennaráði, til að taka þátt í umræðum og koma skoðunum sínum á framfæri og þannig eiga möguleika á að hafa raunveruleg áhrif á ákvarðanatöku í því samfélagi sem þau búa og starfa í.

Ungmennapingið á að vera vettvangur fyrir ungmennti, kjörna fulltrúa og embættismenn til að skapa sameiginlegan grundvöll fyrir skoðanaskipti og hugmyndir.



frestur til 1. nóvember 2016 til að koma með athugasemdir. Eitt athugasemdarbréf barst og varðar afmörkun Ásabrautar 17 og 19. Nú liggur fyrir samkomulag í málinu og er tillagan því lögð fram að nýju með minniháttar breytingu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða deiliskipulagstillöguna með minniháttar breytingu í samræmi við ofangreint með fyrirvara um skriflega staðfestingu á samkomulaginu.

Mál nr. 4: 1709029 - Landgræðsluhús suður af stóra Björnsfelli: Byggingarleyfi: Fyrirspurn.

Fyrir liggur umsókn Jóhanns Kristjánssonar, dags. 25. júlí 2017 um byggingarleyfi fyrir aðstöðuhúsi í tengslum við landgræðsluverkefni á svæði suður af Stóra Björnsfelli. Sveitarstjórn getur ekki tekið afstöðu til erindisins þar sem um er að ræða svæði innan þjóðlendu og ekki liggur fyrir afstaða Forsætisráðuneytisins sem fer með umráðarétt ríkisins um landið.

Mál nr. 5: 1708074 - Lundeyjarsund 10: Umsókn um byggingarleyfi: Geymsla.

Fyrir liggur umsókn Litamálunar ehf., dags. 28. ágúst 2017 um byggingarleyfi fyrir rúmlega 33 m² geymslu úr timbri á lóðinni Lundeyjarsundi 10. Fram kemur að húsið er 7,5 m frá lóðarmörkum en fyrir liggur samþykki lóðarhafa aðliggjandi lóðar (Lundeyjarsund 12) á staðsetningu hússins. Sveitarstjórn hafnar því að byggingarleyfið verði veitt vegna nálægðar við lóðarmörk auk þess sem aukahús mega eingöngu vera 25 m² að stærð skv. gildandi deiliskipulagi.

Mál nr. 6: 1709036 - Leyndarholt lnr. 224673: Deiliskipulag vegna nýbygginga: Fyrirspurn.

Fyrir liggur umsókn Eflu verkfræðistofu, dags. 6. september 2017, f.h. landeigenda, þar sem óskað er eftir heimild til að hefja deiliskipulagsvinnu á landinu Leyndarholt lnr. 224673. Landið er 7,5 ha að stærð og er fyrirhugað að byggja þar íbúðarhús, skemmu og hesthús. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða deiliskipulagsvinnu með fyrirvara um að landið verði skráð sem lögbýli. Skipulagsfulltrúa falið að kynna lýsingu deiliskipulags skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga.

Mál nr. 16: 1709001F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 17-62.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 6. september 2017.

- d) Fundargerð nefndar oddvita/sveitarstjóra í yfirstjórn velferðarmála í Árnesþingi (NOS), 4. september 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

- e) Fundargerð 23. fundar Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 13. september 2017.

Mál nr. 4 þarfnast staðfestingar sveitarstjórnar.

Lögð fram 23. fundargerð Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings, 13. september 2017.

Eftirfarandi dagskrárliður þarfnast afgreiðslu sveitarstjórnar;

Mál nr. 4: Reglur um ferðaþjónustu fatlaðs fólks.

Fyrir liggja drög að endurnýjuðum reglum Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings um ferðaþjónustu fatlaðs fólks. Sveitarstjórn frestar afgreiðslu málsins.

- f) Fundargerð 182. fundar fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga, 4. september 2017.

Fundargerðin lögð fram til kynningar.

3. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps.

Oddviti kynnti stöðu mála vegna endurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins.

4. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verður þann 3. október 2017, kl. 9:00.

5. Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna.

Kynnt er að fjármálaráðstefna sveitarfélaganna verður haldinn á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík 5. og 6. október n.k. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fimm fulltrúar úr sveitarstjórn eigi kost á að fara á ráðstefnuna.

6. Ljósleiðari.

Fyrir liggur bindandi samningur milli sveitarfélagsins og Milu ehf. um lagningu ljósleiðara á öll heimili í sveitarfélaginu á tímabilinu 2017 - 2019. Unnið er að gerð samnings um verkefnið og er oddvita / sveitarstjóra falið að skrifa undir samninginn.

Hálkuvörn sett á stétt sundlaugarinnar á Borg



Vetraropnun

**Vetraropnunartími gámastöðvarinnar
Seyðishólum frá 1. september til 30. apríl**

Mánudaga	Þriðjudaga	Miðvikudaga	Fimmtudaga	Föstudaga	Laugardaga	Sunnudaga
Lokað	13-15	Lokað	13-15	Lokað	13-16	Lokað

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.

Lokað er á gámastöðinni eftirtalda daga: Nýársdag – Föstudaginn langa – Páskadag – Frídag verkamanna 1. maí – Hvítasunnudag – 17. Júní – Þorláksmessu – Aðfangadag jóla – Jóladaðag – Annan í jólum og Gamlársdag.

**OPIÐ ER FYRIR LOSUN HEIMILISSORPS
ALLAN SÓLARHRINGINN**



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is

Október 2017

Staðurinn sem kemur til þín



Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
5. okt	6. okt Árnes 18:00-20:30	7. okt Reykholt 18-21
12. okt Laugarvatn 18:00-20:30	13. okt Flúðir 18-21	14. okt Lokað í dag
19. okt	20. okt Brautarholt 18:00-20:30	21. okt Reykholt 18-21
25. okt ATH miðvikudagur Laugarvatn 18:00-20:30	27. nóv Flúðir 18-21	28. okt Borg 18:00-20:30



Sími 899-2910 www.pizzavagninn.is

Nóvember 2017

Staðurinn sem kemur til þín



Fimmtudagur	Föstudagur	Laugardagur
2. nóv	3. nóv Árnes 18:00-20:30	4. nóv Reykholt 18-21
9. nóv Laugarvatn 18:00-20:30	10. nóv Flúðir 18-21	11. nóv Lokað í dag
16. nóv	17. nóv Brautarholt 18:00-20:30	18. nóv Reykholt 18-21
23. nóv Lokað í dag	24. nóv Lokað í dag	25. nóv Lokað í dag
30. nóv	1. des Árnes 18:00-20:30	2. des Reykholt 18-21

7. Beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn vegna leyfis til reksturs veitingastaðar í flokki III í Þrastalundi, Grímsnes- og Grafningshreppi.

Á fundi sveitarstjórnar þann 6. september s.l. var málinu frestað þar sem skortur var á upplýsingum sem nú eru komnar. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við að leyfið verði veitt.

8. Bréf frá Þorvaldi Garðarssyni f.h. samlags um Hólaskarðsveg þar sem óskað er eftir formlegu yfirráði yfir Hólaskarðsvegi.

Á fundi sveitarstjórnar þann 6. september s.l. var málinu frestað þar sem skortur var á upplýsingum sem nú eru komnar. Skv. þinglýstu afsali frá 4. júní 1965 eru eigendur landsins undir veginum, Grímsnes- og Grafningshreppur og Sveitarfélagið Árborg. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrir sitt leyti að samlag um Hólaskarðsveg fái veginn til umráða skv. fyrirliggjandi erindi. Fyrirvari er gerður um staðfestingu Sveitarfélagsins Árborgar.

9. Framlög vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar í sameiningarviðræðum.

Fyrir liggur bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti, dagsett 30. ágúst 2017 um framlög Jöfnunarsjóðs vegna sameiningar sveitarfélaga. Bréfið lagt fram til kynningar.

Til kynningar

- ✓ SASS. Fundargerð 523. stjórnarfundar 07.09 og 08.09 2017.
- ✓ Samband íslenskra sveitarfélaga. Fundargerð 852. stjórnarfundar, 01.09 2017.
- ✓ Bréf frá Jóni Gunnari Ottóssyni, forstjóra Náttúrufræðistofnunar Íslands, dags. 8. september 2017 um ritið „Vistgerðir Íslands“ ásamt ritinu.
-Ritið liggur frammi á fundinum-.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 10:50

Kvenfélags Grímsneshrepps boðar til fundar
mánudaginn 9. október kl. 18.00
í Félagsheimilinu Borg
vegna skipulags á Grímsævintýrum 2018

Við ætlum að halda auka fund vegna skipulags
Grímsævintýra 2018, skoða hvað er verið að gera
vel og má ekki missa sín og hvað við þurfum að
bæta í sambandi við Grímsævintýrin í skipulagi,
framkvæmd og frágangi.

*Mínum á 1.000 kr. í kaffisjóðinn,
kaffikonur er voru dregnar út á haustfundi sjá um
léttar veitingar ☺*

**Vonumst til að sjá sem flestar
félagskonur til að koma sínum
skoðunum á framfæri,
stjórnin.**



**Haustferð Kvenfélags Grímsneshrepps
laugardaginn 14. október 2017
- Óvissuferð -**

Árleg haustferð kvenfélagsins verður farin
laugardaginn 14. október nk.
Lagt verður af stað frá Félagsheimilinu Borg
kl. 11.00 og stefnt að heimkomu á Borg
kl. 21.00.

Umsjónarkonur með ferðinni í ár eru
Friðsemd Erla og Kristín Hlíf.

Skráning þarfa að berast Friðsemd í síma
862-1982 fyrir 11. október 2017

Sjáumst sem flestar félagskonur í haustferðinni!

